

Fundargerð 5. stjórnarfundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 5. desember 2006 kl. 11:30 að Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Stefán Þórarinsson, meðstjórnandi
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Stjórnarformaður lagði fyrir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Þjónustusamningur við íslenska ríkið

Farið var yfir 3. drög að þjónustusamningi frá fjármálaráðuneyti. Í kjölfarið áréttaði stjórnin sínar áherslur varðandi fjármögnun þeirra verkefna sem framundan eru á vegum félagsins.

3. Önnur mál

Sveitarfélögin Garður, Reykjanesbær og Sandgerði áforma samstarf í skipulagsmálum svæðisins. Telur stjórnin að það muni hafa jákvæð áhrif á störf félagsins.

Stjórnin gerir ráð fyrir að þau mannvirki sem nú heyra undir NATO muni falla undir starfsemi ÞK ef yfirfærsla á þeim muni eiga sér stað til íslenska ríkisins. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að kanna réttarstöðu ÞK og fyrirbyggjandi gögn vegna búnaðar í mannvirkjum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:45